

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
b/t Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um tóbaksvarnir (20.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér aðgerðaráætlun um tóbaksvarnir.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir með því markmiði sem í ofangreindri tillögu felst að koma í veg fyrir að ungmenni ánetjist tóbaki og að minnka þannig nýliðun reykingamanna. Forvarnir og fræðsla er mikilvæg þegar kemur að tóbaki og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að draga úr neyslu þess og þá sérstaklega draga úr nýliðun. Hins vegar getur ráðið ekki stutt þær aðgerðir sem lagðar eru til í aðgerðaráætlun um tóbaksvarnir, um of harðar aðgerðir er að ræða, en það er trú undirritaðrar að sama markmiði megi ná með vægari úrræðum.

Efni tillögunnar

Í aðgerðaráætlun um tóbaksvarnir sem ofangreind tillaga felur í sér eru lagðar til í sjö liðum aðgerðir til að draga úr neyslu tóbaks og nýliðun. Aðgerðir þar á meðal eru t.d. breyting á sölustöðum, aðgengi minnkað, frekari takmarkanir hvar má neyta tóbaks, breytingar á pakkningum og efnahagslegar aðgerðir. Ekki verður fjallað hér um allar þær tillögur er koma fram né nánar farið út í einstök atriði. Þó verður að gera athugasemdir við hversu langt þær ganga og hvernig þær eru settar fram. Nauðsynlegt er að aðgerðir sem þessar séu bæði framkvæmanlegar og samrýmist lögum og reglum. Mikilvægt er einnig að huga að alþjóðaskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist en vafamál er t.d. hvort sumar af þeim breytingum sem lagðar eru til samrýmist ákvæðum EES samningsins. Er því tilefni til að láta fara fram sérstaka skoðun á því hvernig tillögurnar samræmast bæði innlendri og alþjóðlegri löggjöf.

Stuttlega verður að gera athugasemd við þá tillögu er varðar sölustaði tóbaks. Samkvæmt tillögunni er smásala bundin við lyfjabúðir eða ÁTVR. Sala á tóbaki samrýmist ekki tilgangi lyfjabúða né heldur er eðlilegt að tóbak verði gert lyfseðilskylt, enda hlutverk lækna að stuðla að heilbrigði og ávísa lyfjum ef þarf, en ekki efnum líkt og tóbaki. Einnig verður ekki litið hjá þeim efnahagslegu áhrifum sem breyting sem þessi hefði.

Einsleitar umbúðir

Sérstakar athugasemdir verður þó að gera við tillögu er koma fram í 3. þætti aðgerðaráætlunarinnar: *Auglýsingar fjarlægðar og sýnileiki tóbaks minnkaður*. Í þeim þætti er lagt til að tekið verði upp svokallaðar einsleitar umbúðir (plain packaging) sem felast í því að vörumerki framleiðanda verði afmáð af pakkningum tóbaks og þær hafðar í einlitum brúnum pappír.

Aðgerð sem þessi felur í sér verulega skerðingu á notkunarrétti vörumerkjahafa á vörumerki sínu og að banna notkun þess alveg er brot á þeirra rétti þegar kemur að vöru þeirra. Réttur vörumerkjaréttarhafa er verndaður af bæði íslenskum lögum og TRIPS viðskiptasáttmálanum sem Ísland er aðili að. Skortir því verulega hér á lagalega greiningu á þeim aðgerðum sem lagðar eru til.

Ekki verður réttlætt að takmarka rétt einstaka vörumerkjaeigenda frá því að nota vörumerki sitt út frá afstöðu eða álits á þeirri vöru. Um er að ræða löglegar vörur sem seldar eru með löglegum hætti innan þeirra takmarkana sem þar eru settar. Ekki verður sett hér út á þær takmarkanir sem gerðar hafa verið á sölu tóbaks, enda þar mikilvæg sjónarmið að baki. Hins vegar er hér ekki rætt um sölu- eða markaðssetningaraðferð, heldur um að ræða réttur eigenda til að nýta vörumerki sitt á vörur sínar.

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða víða um pakkningar fyrir tóbak og þá sérstaklega um einsleitar umbúðir. Þetta hefur verið rætt innan Evrópusambandsins og er þar í umræðum núna. Gert er ráð fyrir að niðurstöðu sé að vænta úr þeim umræðum eftir nokkur misseri. Þar er verið að vinna að lagalegri greiningu og hvort aðgerðir sem þessari nái í raun þeim markmiðum sem þeim er ætlað, en um það eru skiptar skoðanir. Rík ástæða er því til að hinkra með eins harðar aðgerðir og þessa þar til þessi greining hefur farið fram innan Evrópusambandsins og fylgja í kjölfarið þeirra fordæmi.

Einnig er rétt að benda á að þónokkur gagnrýni hefur komið fram á þessa tillögu víða, t.d. bæði í Svíþjóð og í Bretlandi. Gagnrýnin hefur meðal annars snúið að þeim neikvæðu áhrifum sem þetta hefur á vörumerkjarétt. Þá sérstaklega í ljósi þess að það er skortur á sönnunum fyrir því að þetta hafi jákvæð áhrif áheilsu almennings, þ.e. hvort þetta í raun skili árangri.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að ofangreind tillaga nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands